

L Ö G

76

23. júní

um

bráðabirgðabreytingu nokkurra laga.

Vér Christian hinn Tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

1. Framkvæmd laga nr. 50, 10. nóv. 1913, um að landssjóður leggi Landsbankanum til 100 þúsund krónur á ári í næstu 20 ár, er frestað til ársloka 1933.
2. Tekjur eftir lögum nr. 56, 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, renna í ríkissjóð til ársloka 1933.
3. Tekjur eftir lögum nr. 58, 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki, skulu renna í ríkissjóð til 1. júlí 1933.
4. Framkvæmd 2. og 3. gr. laga nr. 45, 10. nóv. 1913, um Bjargráðasjóð Íslands, er frestað til ársloka 1933.
5. Framkvæmd 12. gr. laga nr. 40, 7. maí 1928, um breyting á jarðræktarlögum, nr. 43, 20. júní 1923, er frestað á árinu 1933.
6. Kennslueftirlit það, sem ræðir um í 6.—8. gr. laga nr. 35, 19. maí 1930, fellur burt til ársloka 1933.
7. Fjórðungur þeirra tekna, sem ræðir um í 1. gr. laga nr. 54, 7. maí 1928, um Menningarsjóð, skal frá 15. apríl 1932 til ársloka 1933 renna í ríkissjóð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Christiansborgarhöll, 23. júní 1932.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Ásgeir Ásgeirsson.